



Innviðaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 24. júní 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga (skattlagning orkumannvirkja)

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga (skattlagning orkumannvirkja), mál nr. S-89/2025. Samtökin sýna því fullan skilning að tryggja þurfi nærsamfélögum aukna hlutdeild í ávinningi raforkuframleiðslu en hafa þungar áhyggjur af áhrifum boðaðrar útfærslu á samkeppnishæfni stóriðju á Íslandi, sem nú þegar á undir högg að sækja vegna hækkandi raforkuverðs og íþyngjandi flutningskostnaðar. Í því ljósi þarf að tryggja að um verði að ræða skiptingu gjalda en ekki auknar álögur á iðnaðinn. Samtökin eru því mótfallin boðaðri leið.

Í kynningu um málið kemur fram að áformað sé að leggja fram frumvarp um afnám á undanþágu rafveitna (vatnsafls- og jarðavarmavirkjanna og vindmylla) frá fasteignamati. Undanþágan hafi leitt til þess að stærstur hluti mannvirkja til orkuframleiðslu sé undanþeginn fasteignaskatti. Í skjali sem fylgir áformunum kemur fram að markmið þeirra sé að tryggja nærsamfélagi sanngjarnari hlutdeild en nú er í ávinningi af raforkuframleiðslu og auka sjálfbærni sveitarfélaga. Samtökin styðja framangreint markmið um sanngjarnari hlutdeild nærsamfélaga í raforkuframleiðslu en eru mótfallin áformum um aukna skattheimtu vegna neikvæðra áhrifa á samkeppnishæfni iðnaðar.

Hækkandi raforkukostnaður áhyggjuefni

Í skjali um mat á áhrifum sem fylgir málinu kemur fram að fasteignamat rafveitna muni, verði áformin að lögum, hækka úr 82 milljörðum króna í 1.358 milljarða króna sem muni fela í sér hækkun á fasteignaskatti rafveitna. Hækkun skatta á orkuframleiðslu kunni að hafa í för með sér hærri orkukostnað almennings og fyrirtækja. Orkufyrirtæki hafi á árunum 2018 til 2021 greitt að jafnaði um 7,5 milljarða króna í fasteignaskatt og tekjuskatt. Ríkissjóður hafi fengið tæp 80% og sveitarfélög um 20% eða 1,5 milljarð árlega. Gert sé ráð fyrir að skatttekjur sveitarfélaga verði 3 eða 5 milljarðar króna eða 2-3,5 sinnum meira en meðaltal árána 2018-2021. Frumvarpið muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir orkufyrirtæki sem mögulega muni hafa áhrif á afkomu þeirra eða leiða til hækkunar gjalda á notendur.




Raforkukostnaður er mikilvægur þáttur í rekstrarumhverfi fyrirtækja. Samtökin hafa á sl. árum bent á það ójafnvægi sem myndast hefur á milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði þar sem framleiðsla hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins. Framangreind staða hefur leitt til hærra raforkuverðs og skerðinga á raforku með tilheyrandi áhrifum á samkeppnishæfni fyrirtækja og útflutningstekjur. Samkvæmt nýútgefinni greiningu Raforkueftirlitisins hefur núvirtur raforkukostnaður heimila (á föstu verðlagi) hækkað um tæplega 11% á tímabilinu 2020 til 2025 sem er um 2,4% árleg hækkun umfram verðbólguþróun¹. Á verðlagi hvers árs var hækkunin um 48%, sem er um 9,4% árleg hækkun. Raforkukostnaður hjá fyrirtækjum, sem nota umtalsvert magn raforku (á bilinu 2–20 GWh á ári), hefur hækkað um 24% á föstu verðlagi og er það um 5% árleg hækkun. Á breytilegu verðlagi hefur raforkukostnaður fyrirtækja með talsverða raforkunotkun hækkað um 65%. Raforkukostnaður dæmigerðs álvers hefur hækkað um 25% í USD á föstu verðlagi milli 2020–2025. Á breytilegu verðlagi hefur raforkukostnaður dæmigerðs álvers hækkað um 54% í USD yfir sama tímabil.

Hætta á meiri hækkunum raforkuverðs án aukinnar orkuöflunar

Meginorsök hækkunar raforkukostnaðar er skortur á framboði á raforku. Samtökin telja ljóst að milljarða aukakostnaður orkufyrirtækja sem áformin fela í sér verði velt út í raforkuverð til almennings og fyrirtækja. Ísland keppir á alþjóðlegum mörkuðum þar sem orkuverð er lykilþáttur í samkeppnishæfni, sérstaklega fyrir orkusækinn iðnað sem er ein af meginstöðum íslensks útflutnings. Frekari hækkanir á raforkuverði myndu grafa enn frekar undan getu íslenskra fyrirtækja til að keppa á alþjóðlegum mörkuðum og standa undir öflugri verðmætasköpun og atvinnuuppbyggingu hér á landi.

Samtökin styðja markmið áformanna um að tryggja nærsamfélagi orkumannvirkja sanngjarnari hlutdeild en eru mótfallin þeirri leið sem áformin fela í sér. Áformin munu hafa áhrif á raforkuverð án þess að fullvissa sé fyrir aukinni orkuöflun. Samtökin hvetja stjórnvöld til að skoða aðrar leiðir til að tryggja nærsamfélagi orkumannvirkja sanngjarnari hlutdeild í ávinningi af raforkuframleiðslu, svo sem með breyttri skiptingu tekna á milli ríkis og sveitarfélaga.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Guðný Hjaltadóttir
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði

¹ [Raforkuskortur leitt til verðhækkana | Fréttasafn | Samtök iðnaðarins - íslenskur iðnaður](#)